


Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma á fyrri ársþhelmingi 2021

Rekstur	Samstæða 2021 jan-jún	Samstæða 2020 jan-jún	Samstæða 2019 jan-jún	Samstæða 2018 jan-jún	Samstæða 2017 jan-jún
Fjárhæðir í m.kr.					
Rekstrartekjur	6.562,8	6.012,7	6.008,7	5.881,0	6.234,8
Aðrar tekjur	48,5	44,3	159,6	24,8	7,4
Vöru- og umbúðanotkun	(3.479,2)	(3.133,0)	(3.109,7)	(2.980,9)	(3.424,2)
Laun og launatengd gjöld	(1.632,2)	(1.647,1)	(1.635,3)	(1.589,3)	(1.456,0)
Annar rekstrarkostnaður	(961,3)	(978,9)	(1.017,2)	(959,2)	(953,6)
Afskriftir fastafjármuna	(239,2)	(243,5)	(235,2)	(210,1)	(198,6)
Rekstrarhagnaður	299,4	54,5	170,9	166,3	209,8
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	3,3	3,3	0,0	0,0	0,0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(142,5)	(87,6)	(109,0)	(64,3)	(52,2)
(Tap), hagnaður tímabils fyrir skatta	160,2	(29,8)	61,9	102,0	157,6
Tekjuskattur	(31,3)	8,7	(4,5)	(21,2)	(28,6)
(Tap), hagnaður tímabilsins	128,9	(21,1)	57,4	80,8	129,0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	522,8	297,1	397,7	374,6	405,0
Efnahagur	30.06.21	30.06.20	30.06.19	30.06.18	30.06.17
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir	6.536,0	6.729,6	6.789,1	5.750,2	5.327,9
Veltufjármunir	4.236,4	3.396,4	3.428,4	3.123,4	3.469,3
Eignir	10.772,4	10.126,0	10.217,5	8.873,6	8.797,2
Eigið fé	5.219,2	5.284,7	5.310,8	5.234,2	5.144,8
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	531,0	538,0	530,5	537,1	525,2
Langtímaskuldir og skuldbindingar	3.653,9	3.154,1	3.126,8	2.226,5	2.123,1
Skammtímaskuldir	1.899,3	1.687,2	1.779,9	1.412,9	1.529,3
Skuldir	5.553,2	4.841,3	4.906,7	3.639,4	3.652,4
Eigið fé og skuldir	10.772,4	10.126,0	10.217,5	8.873,6	8.797,2
Kennitölur					
EBITDA	538,6	298,0	406,1	376,4	408,4
Innra virði	9,8	9,8	10,0	9,7	9,8
Veltufjárhlutfall	2,2	2,0	1,9	2,2	2,3
Eiginfjárhlutfall	48%	52%	52%	59%	58%



Reykjavík, 26. ágúst 2021.

Fréttatilkynning frá Slátturfélagi Suðurlands svf.

Afkoma á fyrri árs helmingi 2021

- **Tekjur á fyrri árs helmingi 6.563 m.kr. og hækka um 9% milli ára.**
- **129 m.kr. hagnaður á fyrri árs helmingi ársins en 21 m.kr. tap árið áður.**
- **EBITDA afkoma var 539 m.kr. en 298 m.kr. árið áður.**
- **Eigið fé 5.219 m.kr. í lok júní og eiginfjárlutfall 48%.**

Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Slátturfélags Suðurlands svf. og dótturfélögum þess, Reykjagarði hf. og Hollt og gott ehf.

Hagnaður samstæðu Slátturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til júní 2021 var 129 m.kr. Á sama tímabili árið áður var 21 m.kr. tap. Eigið fé Slátturfélagsins er 5.219 m.kr. í lok júní.

Rekstrartekjur samstæðu Slátturfélags Suðurlands voru 6.563 m.kr. á fyrri árs helmingi ársins 2021, en 6.013 m.kr. á sama tíma árið áður og hækka því um rúm 9%. Aðrar tekjur voru 49 m.kr. en 44 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 3.479 m.kr. en 3.133 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 1.632 m.kr. og lækkaði um tæpt 1%, annar rekstrarkostnaður var 961 m.kr. og lækkaði um tæp 2% og afskriftir voru 239 m.kr. og lækka um tæp 2%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 299 m.kr., en 55 m.kr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 539 m.kr. en var 298 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 143 m.kr., en voru 88 m.kr., á sama tímabili í fyrra. Reiknaður tekjuskattur nam 31 m.kr. til gjalda, en 9 m.kr. til tekna árið áður. Hagnaður af rekstri tímabilsins var 129 m.kr. en 21 m.kr. tap á sama tímabili árið áður.

Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta var 523 m.kr. á fyrri árs helmingi ársins 2021, samanborið við 297 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2020. Heildareignir Slátturfélagsins 30. júní voru 10.772 m.kr. og eiginfjárlutfall 48% en 52% árið áður. Veltufjárlutfall var 2,2 á fyrri hluta ársins 2021, en 2,0 árið áður.

Fjárfest var í varanlegum rekstarfjármunum á fyrri árs helmingi 2021 fyrir 125 m.kr. en 244 m.kr. á sama tímabili árið áður. Fjárfest var í fasteignum fyrir 9 m.kr. og vélbúnaði og bifreiðum fyrir 116 m.kr.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2021 var ekki greiddur arður af B-deild stofnsjóðs og ekki reiknaðir vextir á A-deild stofnsjóðs.

Stjórn og forstjóri staðfestu árshlutareikning samstæðu Slátturfélagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2021 með undirritun á stjórnarfundi í dag. Árshlutareikningur samstæðunnar er með könnunaráritun endurskoðenda.

Slátturfélagið er skráð á First North markaðinn hjá NASDAQ. Slátturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti. Ráðgert er að birta afkomu ársins 2021 þann 17. febrúar 2022.

Staða og horfur

Fjárhagsstaða Slátturfélagsins er traust með 48% eiginfjárlutfall og veltufjárlutfall 2,2. Langtímaskuldir í lok júní 2021 voru 2.637 m.kr. Næsta árs afborganir eru um 102 m.kr. en lán samstæðunnar eru til langs tíma. Í ágúst var lokið við endurfjármögnun móðurfélagsins en tekin voru ný lán til 30 ára og eldri lán greidd upp. Vaxtakjör eru umtalsvert betri sem hefur jákvæð áhrif á vaxtakostnað félagsins á komandi árum.

Afkoma Slátturfélagsins batnar milli ára. Neikvæð áhrif af COVID-19 koma einkum fram í afurða- og matvælahluta samstæðunnar en samdráttur í innlendrai kjötsölu milli ára var um 4% á landsvísu. Gert er ráð fyrir að neikvæðra áhrifa af COVID-19 muni áfram gæta á árinu og því næsta hið minnsta.

Innflutningur á kjöti og samdráttur í kjötsölu hefur haft neikvæð áhrif á afkomu afurðafélaga. Áfram verður unnið að því að aðlaga rekstur samstæðunnar að breyttu rekstrarumhverfi, m.a. með því að leggja áherslu á sérstöðu og gæði innlendarar framleiðslu.



Staða lykilvörumerkja félagsins í matvælaíðnaði er sterk og ímynd félagsins góð á markaði sem rennir stoðum undir frekari uppbyggingu á markaðsstöðu á komandi árum. Aukin vélvæðing og öflug vöruþróun hefur styrkt grundvöll félagsins sem leiðandi aðila á kjötmarkaði. Samt sem áður er reiknað með erfiðum aðstæðum á kjötmarkaði á næstu árum. Einnig er erfitt að meta nú hversu lengi neikvæð áhrif af COVID-19 muni vara.

Matvöruhloti innflutningsdeildar hefur styrkt stöðu sína á markaði með nýjum vöruflokkum sem ganga vel. Búvöruhloti innflutningsdeildar hefur byggst upp á undanförunum árum og er að þjónusta bændur með allar helstu rekstrarvörur. Áfram verða nýtt tækifæri til frekari vaxtar.

Fjárhagsdagatal

Júlí – desember 2021 uppgjör
Aðalfundur 2022

17. febrúar 2022
18. mars 2022

Frekari upplýsingar veita:

Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000 – steinthor@ss.is

Hjalti H. Hjaltason, fjármálastjóri í síma 575 6000 – hjalti@ss.is